

Þorsteinn Högnason hét maður er galdrum var borinn af mörgum í Húnavatnssýslu en meðgekk aldrei. Hann var strýktur.

Fundið galdrablað í Þverárþingi með stórum ljótum caractere og ósæmilegri fyrirsögn. Afhent Magnúsi Jónssyni sýslumanni til að reyna að uppgötva eigandann.

Andaðist 8 vetra stúlkubarn Bjarna Sturlusonar í Tungu í Bolungarvík er fyrirfarandi vetur og sumar hafði mjög kramið og kvalið verið af illum anda; meinast af galdraverkum, aðsveigt af völdum Helgu Höskuldsdóttur, hveðrar tylftareiður þar fyrir á Hólspingi dæmdur var, hver eð féll því sumar eiðakonur vildu ei með henni sanna; var síðan strýkt á Nauteyrarþingi eptir lögmansdómi.

Á alþingi hengdur maður úr Strandasýslu fyrir þjófnað, annar hálshöggvinn er orðið hafði að skaða dönskum manni á Vestfjörðum og launtekið frá honum fjárhluti nokkra.